

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 156/2012

2012/EES/70/04

frá 28. september 2012

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við
EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEDANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 144/20102 frá 13. júlí 2012 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 130/2012 frá 15. febrúar 2012 um gerðarviðurkenningarkröfur að því er varðar aðgang að og stýrihæfni vélknúinna ökutækja og um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 661/2009 um gerðarviðurkenningarkröfur að því er varðar vélknúin ökutæki og eftirvagna þeirra og kerfi, íhluti og aðskildar tæknieiningar sem ætlaðar eru í slík ökutæki, með tilliti til almenns öryggis ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 45zzm (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 406/2010) í I. kafla II. viðauka við samninginn:

„45zzn. **32012 R 0130**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 130/2012 frá 15. febrúar 2012 um gerðarviðurkenningarkröfur að því er varðar aðgang að og stýrihæfni vélknúinna ökutækja og um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 661/2009 um gerðarviðurkenningarkröfur að því er varðar vélknúin ökutæki og eftirvagna þeirra og kerfi, íhluti og aðskildar tæknieiningar sem ætlaðar eru í slík ökutæki, með tilliti til almenns öryggis (Stjtið. ESB L 43, 16.2.2012, bls. 6).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 130/2012, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. nóvember 2012, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 28. september 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Atle Leikvoll

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 309, 8.11.2012, bls. 29, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 63, 8.11.2012, bls. 33.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 43, 16.2.2012, bls. 6.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.